

# Umhverfismat

## Gátlisti fyrir framhalds- og háskóla


Listinn er til að auðvelda skólum að framkvæma umhverfismat fyrir þemað loftslagsbreytingar í upphafi nýs Grænánatímabils.

Miðað er við að nemendur vinni sem mest sjálfstætt. Nemendur geta fundið svör við sumum spurningunum sjálfir en stundum þarf aðstoð frá kennurum eða öðru starfsfólki.

Einnig eru spurningar þar sem nemendur þurfa að afla sér upplýsinga eða gera litla rannsókn til að mæla ákveðna þætti yfir einhvern tíma.

## Listanum er skipt í þrennt:

Hugur (þekking) - Hjarta (skólinn og samfélagið) - Hendur (aðgerðir).



Listinn er ekki tæmandi og mega skólar að sjálfsögðu koma með aðrar hugmyndir en þær sem standa á listanum.

Þegar búið er að fara yfir listann ætti skólinn að sjá betur hvar hann stendur innan þemans. Það ætti að auðvelda honum að sjá hvort hann þurfi að taka sig á innan þemans og setja sér markmið í samræmi við það.

**Dagsetning:** \_\_\_\_\_

**Undirskriftir þátttakenda:**

# Loftslagsbreytingar



## Hugur þekking

já    nei    athugasemdir

Hafið þið fengið fræðslu um loftslagsbreytingar í skólanum, orsakir þeirra og afleiðingar?		
Er skilningur á hugtökunum gróðurhúsaáhrif og aukin gróðurhúsaáhrif og muninn á þeim?		
Læra nemendur um <u>kolefnishringrásina</u>		
Þekkja nemendur <u>Parísarsamkomulagið og aðra alþjóðlega samninga</u> sem Ísland er aðili að sem tengjast loftslags- og umhverfismálum?		
Fá nemendur fræðslu um mikilvægi þess að aðgerðir í loftslagsmálum valdi ekki meiri rask á náttúru og/eða lífbreytileika		
Þekkja nemendur hvernig veðurfar hefur breyst sl. áratugi vegna loftslagsbreytinga?		
Hefur farið fram fræðsla og umræða innan skólans um eftirfarandi orkugjafa, kosti þeirra og galla?  Setjið hring utan um þá orkugjafa sem þið þekkið/fáið fræðslu um:  Vatnsorka      Jarðhiti      Sólarorka Vindorka      Sjávarfallaorka Annað: _____		

já      nei      athugasemdir

Pekkja nemendur uppruna hluta og hve mikil áhrif framleiðsla hafa haft á loftslagið? (t.d. plastpokar, fatnaður, símar, húsgögn)?			
Eru nemendur og starfsfólk frædd um hvað hægt er að gera til að draga úr loftslagsbreytingum?			
Eruð þið frædd um innflutning matar, hvaðan maturinn kemur og kolefnisfótspor hans?			
Eruð þið frædd um kolefnisspor matvæla sem er sóað?			
Þekkið þið helstu áhrifavalda loftslagsbreytinga?			
Þekkið þið hvaða áhrif loftslagsbreytingar hafa á ólíkum stöðum í heiminum?			
Eruð þið frædd um mikilvægi jarðvegs og gróðurs í hringrásum náttúrunnar?			
Eruð þið frædd um mikilvægi votlendis og náttúruskóga í tengslum við loftslagsbreytingar?			
Fer fram gagnrýnin umræða um mismunandi aðferðir sem binda koltvíoxíð úr andrúmslofti?			
Eru notaðar fjölbreyttar og skapandi kennsluáðferðir til að kenna ykkur um loftslagsmálin?			
Fáið þið fræðslu um mikilvægi endurheimtar vistkerfa (vistheimt) í málefnum loftslagsbreytinga og lífbreytileika.			



## Hjarta skólinn og samfélagið

já    nei    athugasemdir

Hafa loftslagsbreytingar verið fléttaðar inn í mismunandi málefni kennslunnar? Ef já, í hvaða áfanga/málefni?			
Hafa loftslagsmálin verið fléttuð inn í vinnu um heimsmarkmiðin?			
Eru loftslagsbreytingar settar í samhengi við náttúruvernd og sjálfbæra nýtingu auðlinda?			
Er fjallað um eðli og einkenni núverandi ríkjandi hagkerfis og áhrif þess á loftslagsmálin?			
Er meðvitund í skólanum um mikilvægi þess að minnka neyslu og sóun?			
Er fjallað um loftslagsréttlæti í skólanum?			
Eru þið frædd um tengsl lífsgæða og orkunotkunar?			
Eru nemendur og starfsfólk frædd um tengsl nútíma lífnaðarháttanna og loftslagsbreytinga?			
Er skólinn, eða nemendahópar innan skólans, í samskiptum við nemendur annars staðar í heiminum sem opnar tækifæri til að ræða loftslagsmálin við þá?			
Eruð þið að læra um mismunandi ábyrgð á losun gróðurhúsalofttegunda, bæði sögulega og núverandi?			

já      nei      athugasemdir

Kemur það fram í stefnu skólans að hann ætlar að efla þekkingu nemenda og starfsfólks á náttúruvernd og stuðla að henni í sínu nærumhverfi?

Er hjólagrind eða hjólaskýli við skólann?

Sameinast kennarar og/eða nemendur í bíla á leið í skólann?

Eru bílstjórar hvattir til að drepa á bílum á skólalóðinni?

Er rafhleðslustöð fyrir rafbíla við skólann?

Er skólinn duglegur við að endurnýta hluti og gera við þá?

Er matur í mötuneyti fenginn úr heimabyggð eða nærsamfélagi?

Ef ekki fæst matur úr heimabyggð eða frá Íslandi, er reynt að kaupa mat frá löndum sem eru nálægt okkur?

Reynir skólinn að lágmarka flutning á vörum sem keyptar eru s.s. kaupa vörur úr heimabyggð?

Er kjötlaus dagur a.m.k. einu sinni í viku

Er matur keyptur í stórum umbúðum?



## Hendur aðgerðir

já    nei    athugasemdir

Hvaða áhrif viljið þið hafa sem grænánaskóli á loftslagsmálin? (Næstu 3 spurningar)			
<ul style="list-style-type: none"><li>Efla þekkingu, áhuga og meðvitund um loftslagsmálin</li></ul>			
<ul style="list-style-type: none"><li>Efla þverfaglega og gagnrýna hugsun, samkennd, réttlætiskennd og hnattræna vitund</li></ul>			
<ul style="list-style-type: none"><li>Vera með aðgerðir sem stuðla að loftslagsvernd í verki</li></ul>			
Er unnið með heimsmarkmiðin í skólanum í tengslum við loftslagsbreytingar?			
Er skólinn með loftslagsstefnu?			
Er skólinn með samgöngustefnu?			
Hvað koma margir gangandi/á hjóli/með strætó í skólann?			
Hefur kolefnisfótspor matvæla í mötuneytinu verið reiknað út?			
Er skólinn að vinna markvisst að því að minnka matarsóun?			
Fylgist skólinn með/tekur skólinn þátt í ákvarðanatöku í tengslum við stefnu um loftslagsmálin innan sveitarfélagsins, á landsvísu, alþjóðavísu?			
Eru þið í skólanum að upplýsa og fræða aðra um loftslagsmálin?			

já    nei    athugasemdir

Eruð þið í skólanum að reyna að hafa áhrif á aðra, t.d. með því að senda bréf til fyrirtækja, funda með sveitarstjórn, gera athugasemdir við einhver áform, skrifa greinar, vera með viðburð o.fl.?			
Tekur skólinn þátt í endurheimt vistkerfa, t.d. með því að stöðva jarðvegseyðingu, fylla í skurði, gróður-setja innlendar tegundir, safna og sá birkifræ eða annað?			
Eruð þið tilbúin til að breyta einhverju í ykkar daglegu lífi til þess að minnka ykkar kolefnisspor? Ef já – hvað?			
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Minnka akstur á bíl</li> </ul>			
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Fljúga minna</li> </ul>			
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Draga úr sóun á mat, fötum, orku og vatni</li> </ul>			
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Draga úr kjötáti</li> </ul>			
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Minnka neyslu og taka upp nægjusaman lífsstíl</li> </ul>			
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Velja vörur eftir framleiðsluháttum og áhrifum á umhverfið og velferð dýra, ferðalagi vörunnar frá upprunastað og réttlæti gagnvart starfsmönnum</li> </ul>			
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kaupa notaðar vörur, fá hluti lánaða, gera við hluti</li> </ul>			
Hafið þið prófað að fara í hlutverkaleiki sem sýna skýrt dæmi um loftslagsóréttlæti?			
Hafið þið tekið þátt í eða kynnt ykkur föstudagsmótmæli (Fridays for future) eða öðrum mótmælum vegna aðgerðaleyfis í loftslagsmálum?			

Til umræðu:

- Hvað eru loftslagsbreytingar?
- Hvaða áhrif hafa loftslagsbreytingar?
- Af hverju stafa þær?
- Hvað getum við gert til að sporna við þeim?

Markmið og aðgerðir innan þemans loftslagsbreytingar